

Samantekt

A. Inngangur og varnaðarorð

Þessi skráningarlýsing („lýsingin“) tengist töku 275.721.672 almennra hlutabréfa („almennu hlutabréfin“) í Alvotech að nafnvirði \$0,01 til viðskipta og skráningar á Aðalmarkað Nasdaq Iceland á Íslandi („Nasdaq Iceland“). Alvotech er hlutafélag (*société anonyme*), réttilega skráð og stofnað í samræmi við lög í lögsögu Stórhertogadæmisins Lúxemborg, með skráð heimilisfang að nr. 9, rue de Bitbourg, L-1273 Lúxemborg, og skráð í fyrirtækjaskrá Lúxemborgar (fr. *Registre de commerce et des sociétés, Luxembourg*) undir númerinu B258884, með auðkenni lögaðila („LEI“) 222100DCZBOWV5DZ8372 („fyrirtækið“, „útgefandinn“, „við“ eða „Alvotech“), og alþjóðlegt ISIN-verðbréfaeinkenni („ISIN“) LU2458332611.

Lýsingin hefur verið samþykkt af Luxembourg Commission de Surveillance du Secteur Financier („CSSF“), sem er lögbært yfirvald skv. reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017, um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og sem kemur í stað tilskipunar 2003/71/EB, með áorðnum breytingum, dags. 2. desember 2022. CSSF er með skráð heimilisfang að nr. 283, route d’Arlon, L-1150 Lúxemborg, síma +352 262511, fax +352 262512601 og tölvupóstfangið direction@cssf.lu.

Þessa samantekt ber að lesa sem inngang að lýsingunni. Fjárfestar skyldu byggja allar ákvarðanir um fjárfestingu í almennu hlutabréfunum á lýsingunni í heild sinni. Fjárfestar í almennu hlutabréfunum gætu tapað hluta af eða öllu því fé sem þeir fjárfesta í bréfunum. Ef krafa sem byggð er á upplýsingum í lýsingunni kemur til kasta dómstóla, kann fjárfestir sem höfðar slíkt mál, í samræmi við landslög, að þurfa að bera kostnað af því að þýða lýsinguna áður en málarekstur hefst. Einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá aðila sem lögðu fram samantektina, þar með taldar þýðingar á henni, og einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða ósamræmi gætir við aðra hluta lýsingarinnar eða þar sem hún ásamt öðrum hlutum lýsingarinnar veitir ekki lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum við mat á fjárfestingu í almennu hlutabréfunum.

B. Lykilupplýsingar um útgefandann

B.1 Hver er útgefandi verðbréfanna?

Heimilisfang og rekstrarform að lögum. Útgefandi almennu hlutabréfanna er Alvotech, sem er hlutafélag (*société anonyme*), réttilega skráð og stofnað í samræmi við lög í lögsögu Stórhertogadæmisins Lúxemborg, með skráð heimilisfang að nr. 9, rue de Bitbourg, L-1273 Lúxemborg og skráð í fyrirtækjaskrá Lúxemborgar (*Registre de commerce et des sociétés, Luxembourg*) undir númerinu B258884, með auðkenni lögaðila („LEI“) 222100DCZBOWV5DZ8372. Fyrirtækið var stofnað 23. ágúst 2021 sem einfalt hlutafélag (*société par actions simplifiée*), áður nefnt Alvotech Lux Holdings S.A.S.

Megintilgangur. Alvotech er samþætt líftækniyrirtæki sem einbeitt sér að þróun og framleiðslu líftækniyfjahliðstæða fyrir sjúklinga um allan heim. Tilgangur Alvotech er að bæta heilsu og lífsgæði sjúklinga um allan heim með því að auka aðgengi að þekktum meðferðarúrræðum við ýmsum sjúkdómum. Allt frá upphafi höfum við leitast við að byggja fyrirtæki sem getur nýtt sóknarfæri á alþjóðlegum mörkuðum fyrir líftækniyfjahliðstæður: framkvæmdastjórn með reynslu af að koma nýjum líftækniyfjum og líftækniyfjahliðstæðum á markað á alþjóðavettvangi, sérhæfða aðstöðu til rannsókna, þróunar og framleiðslu, samninga við öflug samstarfsyrirtæki á öllum helstu mörkuðum og fjölbreytt og vaxandi úrval

lyfja í þróun til meðhöndlunar á mörgum helstu sjúkdómum og þeirra sem helst knýja á um ný úrræði í heilbrigðiskerfum á heimsvísu. Hjá Alvotech er áhersla lögð á stöðuga nýsköpun og við leggjum áherslu á að byggja upp aðstöðu, mannauð og viðskiptasambönd til þess að efla aðgengi að hagkvæmum líftæknilyfjum.

Stærstu hluthafar. Við útgáfu lýsingarinnar eru 90.005.334 almenn hlutabréf í beinni eigu Alvogen Lux Holdings S.á r.l. og 101.147.803 almenn hlutabréf í beinni eigu Aztiq Pharma Partners S.á r.l.

Lykilstjórnendur. Róbert Wessman (starfandi stjórnarformaður, tekur einnig við stöðu framkvæmdastjóra fyrirtækisins frá og með 1. janúar 2023), Mark Levick (framkvæmdastjóri) og Joel Morales (fjármálastjóri).

Löggiltur endurskoðandi. Deloitte, Audit (nr. 20, Boulevard de Kockelscheuer L-1821, Lúxemborg) er löggiltur endurskoðandi (*réviseur d'entreprises agréé*) fyrirtækisins.

B.2 Hverjar eru helstu fjárhagsupplýsingar um útgefandann?

Ef annað er ekki tekið fram eru allar fjárhagsupplýsingar í töflunum hér fyrir neðan settar fram í þúsundum Bandaríkjadala (\$ þúsund). Ákveðnar fjárhagsupplýsingar, þar á meðal prósentur, eru námundaðar upp í samræmi við hefðbundna viðskiptahætti. Því er mögulegt að samtala námunduðu talnanna í töflunum hér fyrir neðan sé ekki jöfn samtölu heildartalnanna sem sýndar eru, þar sem heildartölurnar byggja á stærðum sem ekki eru námundaðar. Tölur í sviga eru neikvæðar. Bandstrik („-“) tákna að viðkomandi stærð sé óþekkt eða að hún sé núll, en tölustafurinn núll með aukastaf („0,0“) tákna að viðkomandi stærð sé námunduð að núlli.

Helstu fjárhagsupplýsingar á samsteypugrunni

Upplýsingar úr rekstrarreikningi

	Í lok árs	Í lok árs	Í lok árs		Í lok árs	Í lok árs			
	31. desember	31. desember	31. desember	Óendurskoðað	Óendurskoð	31. desember	31. desember	Óendurskoðað	
	2020	2020	2021	1H 2022	að	2021	2020	1F 2022 ¹	
	Alvotech	Alvotech	Alvotech	Alvotech	Alvotech	OACB	OACB	OACB	
	(IFRS)	(IFRS)	(IFRS)	(IFRS)	(IFRS)	(US GAAP)	(US GAAP)	(US GAAP)	
Heildar tekjur	\$36,772	\$66,616	\$31,918	\$40,118	\$2,008	-	-	-	\$36,772
Rekstrarhagnað	(\$235,456)	(\$137,537)	(\$61,448)	(\$203,584)	(\$174,407)	(\$5,862)	(\$271)	(\$1,216)	(\$349,448)

ur/tap

¹ Árs hlutareikningur OACB fyrir 1F 2022 setur fram nýjustu fjárhagsupplýsingar fyrir OACB fyrir sameiningu við „Alvotech“ að afloknu sameiningarferlinu sem lauk 15. júní 2022, í samræmi við samning um sameiningu fyrirtækjanna dags. 7. desember 2021, með mögulegum breytingum, gert af og á milli OACB, Alvotech Holdings og Alvotech.

Hreinn rekstrarhagnaður/tap	(\$101,504)	(\$170,044)	(\$209,876)	(\$184,471)	(\$273,947)	\$3,993	(\$9,271)	\$3,285	(\$162,463)
Hagnaður á hlut	(\$12.29)	(\$24.32)	(\$30.77)	(\$1.02)	(\$2.77)	\$0.13	(\$0.40)	\$0.11	\$(0.67)

Upplýsingar úr efnahagsreikningi

	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	OACB (US GAAP)	OACB (US GAAP)	OACB (US GAAP)	
	Í lok árs 31. desember 2021	Í lok árs 31. desember 2020	Í lok árs 31. desember 2019	Óendurskoðað 1H 2022	Óendurskoðað 1H 2021	Í lok árs 31. desember 2021	Í lok árs 31. desember 2020	Óendurskoðað 1F 2022	Samandregnar pro forma tölur
Heildareignir	\$597,977	\$474,422	\$374,526	\$774,497	N/A	\$250,721	\$251,534	\$250,691	\$848,133
Eigið fé	(\$135,612)	(\$867,243)	(\$767,538)	(\$296,221)	N/A	\$224,921	\$220,928	\$228,207	(\$213,127)
Hreinar skuldir (langtímaskuldir og skammtímaskuldir að frádrögnum reiðufé)	(\$383,355)	(\$536,210)	N/A	(\$430,585)	N/A	\$587	\$1,278	\$506	(\$258,212)
Heildarskuldir og eigið fé	\$597,977	\$ 474,422	\$ 374,526	\$774,497	N/A	\$250,721	\$251,534	\$250,691	\$848,133

Upplýsingar úr sjóðstreymisfirliti

	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	Alvotech (IFRS)	OACB (US GAAP)	OACB (US GAAP)	OACB (US GAAP)
	Í lok árs 31. desember 2021	Í lok árs 31. desember 2020	Í lok árs 31. desember 2019	Óendur-skoðað 1H 2022	Óendur- skoðað 1H 2021	Í lok árs 31. desember 2021	Í lok árs 31. desember 2020	Óendur- skoðað 1F 2022

Viðeigandi hreint sjóðstreymi frá rekstri og sjóðstreymi frá fjárfestingarhreyfingum og reiðufé frá fjármögnunarhreyfingum

(\$13.972) (\$35.796) \$14.946 \$110.875 \$10.295 (\$691) \$1.278 (\$81)

B.3 Hverjir eru helstu sértæku áhættuþættir útgefandans?

- Hvers konar þróun sem hefur neikvæð áhrif á framleiðslu Alvotech á líftæknilyfjahliðstæðum gæti aukið kostnað og dregið úr framboði á vörum fyrirtækisins eða haft áhrif á samþykki á vörum þess.
- Eins og staðan er í dag starfrækir Alvotech ekki sölu- og markaðsdeild. Alvotech reiðir sig á samstarfsfyrirtæki til þess að selja og markaðssetja líftæknilyfjahliðstæður á vissum stórum mörkuðum. Takist samstarfsfyrirtækjunum ekki að selja og markaðssetja vörunar á þessum mörkuðum kann það að hafa neikvæð áhrif á starfsemi Alvotech og rekstrarniðurstöður.
- Alvotech hefur takmarkaða reynslu af að starfa í umhverfi þar sem strangt eftirlit og regluverk er við lýði, hefur skilað umtalsverðu tapi frá stofnun, gerir ráð fyrir að skila umtalsverðu tapi á næstunni og gæti jafnvel aldrei skilað hagnaði.
- Alvotech kann að vera ófært um að skila nægilegu sjóðstreymi til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af skuldum, sem gæti haft neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu og rekstur fyrirtækisins.
- Alvotech gæti þurft að leita eftir talsvert meira fjármagni frá hluthöfum eða öðrum aðilum. Slíkt fjármagn gæti verið ófáanlegt eða aðeins í boði á óásættanlegum kjörum. Takist Alvotech ekki að afla aukins fjármagns þegar þess er þörf gæti fyrirtækið neyðst til að fresta, takmarka eða leggja niður vöruþróunarvinnu eða aðra rekstrarþætti.
- Alvotech hefur greint veigamikla veikleika í innra eftirliti með reikningsskilum. Takist Alvotech ekki að ráða bót á veikleikunum, greinist fleiri veigamiklir veikleikar í framtíðinni eða fyrirtækið er ekki fært um að þróa og viðhalda skilvirku innra eftirliti í framtíðinni, kann Alvotech að verða ófært um að birta nákvæmar fjárhagsupplýsingar tímanlega eða hlíta viðeigandi lögum og reglum.
- Alvotech útvistar forklínískum og klínískum rannsóknum til þriðju aðila, framleiðslu á ýmsum aðföngum fyrir rekstrarvörur og klínískar vörur fyrir fyrirhugaðar líftæknilyfjahliðstæður og varðveislu á mikilvægum íhlutum í fyrirhugaðar líftæknilyfjahliðstæður. Standi þessir aðilar ekki við samningsbundnar skuldbindingar eða hlíta ekki kröfum eftirlitsaðila, kann það að hindra Alvotech í að fá markaðsleyfi fyrir fyrirhugaðar líftæknilyfjahliðstæður.
- Brjótí Alvotech gegn hugverkarétti eða er ásakað um slík brot gegn þriðja aðila, gæti það haft neikvæð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Alvotech tengist nú málaferlum í gegnum einn af samstarfsaðilum fyrirtækisins, JAMP Pharma Corporation („JAMP Pharma“), gegn AbbVie Inc. og AbbVie Biotechnology Ltd. (saman „AbbVie“) sem gæti haft áhrif á adalimumab vöru Alvotech, AVT02.

C. Lykilupplýsingar um verðbréfin

C.1 Hverjir eru helstu eiginleikar verðbréfanna?

Tegund, flokkur og ISIN-númer. Almenn hlutabréf fyrirtækisins eru almennir, skráðir hlutir í fyrirtækinu. ISIN: LU2458332611.

Gjaldmiðill, eining, nafnverð, fjöldi útgefinna verðbréfa og tímalengd. Almennu hlutabréfin eru gefin út í Bandaríkjadöllum, að nafnvirði \$0,01 á hlut og eru ótímabundin.

Réttindi sem fylgja verðbréfunum, réttihæð og réttur til framsals. Almennu hlutabréfin eru innbyrðis jafn rétt há (pari passu). Hlutabréf í félaginu eru öll í sama flokki. Framsal bréfanna er ekki háð neinum takmörkunum.

Arðgreiðslustefna. Við gerum ekki ráð fyrir að borga arð af almennu hlutabréfunum í fyrirsjáanlegri framtíð. Við stefnum að því að nýta allt fjármagn og hvers konar hagnað sem myndast í félaginu í framtíðinni til að fjármagna þróun og stækkun fyrirtækisins og þróun fyrirhugaðra vara.

Lög sem gilda. Almennu hlutabréfin hafa verið stofnuð í samræmi við lög í Lúxemborg.

C.2 Hvar munu viðskipti með verðbréfin fara fram?

Sótt hefur verið um að almennu hlutabréfin verði skráð og tekin til viðskipta („skráningin“) á Nasdaq Iceland undir auðkenninu „ALVO“. Almenn hlutabréf félagsins eru skráð á First North markað Nasdaq Iceland undir auðkenninu „ALVO“ þar til bréfin verða skráð á Nasdaq Iceland. Almenn hlutabréf félagsins eru einnig skráð í Bandaríkjunum á Nasdaq Stock Market LLC („Nasdaq US“) og verða áfram til viðskipta þar undir auðkenninu „ALVO“.

C.3 Hvaða eru helstu sértæku áhættuþættirnir fyrir verðbréfin?

- Ekki er hægt að ábyrgjast að það myndist skilvirkur markaður með hlutabréfin eða að slíkum markaði verði viðhaldið. Ef sú verður raunin kann að reynast ómögulegt fyrir fjárfesta að selja hlutabréfin sín.
- Sala á hlutabréfunum eða orðrómur um áætlaða sölu á almennum markaði getur valdið því að markaðsverð á almennum hlutabréfum lækki.
- Ef greiningaraðilar birta ekki eða hætta að birta greiningar um Alvotech eða þeir breyta verulega ráðleggingum sínum um almennu hlutabréfin til hins verra getur verið almennu hlutabréfanna lækkað og viðskipti með þau minnkað.

D. Lykilupplýsingar um útboð verðbréfanna til almennings

D.1 Hvaða skilyrði og tímaáætlun gilda um fjárfestingu í þessu verðbréfi?

Almennir skilmálar útboðsins og áætlaðar tímasetningar. Á ekki við. Þessi lýsing er ekki gerð í tengslum við hlutafjárútboð.

Skráning og taka til viðskipta. Almenn hlutabréf félagsins eru skráð samhliða á Nasdaq US og Nasdaq First North og við sækjum um skráningu og töku þeirra til viðskipta á aðalmarkað Nasdaq Iceland (í stað Nasdaq First North). Almennu hlutabréfin verða skráð á Nasdaq First North fram að skráningu þeirra og töku til viðskipta á skipulegum markaði á Íslandi í umsjón Nasdaq Iceland. Þegar Nasdaq Iceland hefur samþykkt skráningu og töku almennu hlutabréfanna til viðskipta verða almennu hlutabréfin afskráð af Nasdaq First North í lok viðskiptadags og tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland næsta dag. Gert er ráð fyrir að skráning almennu hlutabréfanna á aðalmarkað Nasdaq Iceland verði samþykkt á eða í kringum 5. desember 2022 og að taka almennu hlutabréfanna til viðskipta á Nasdaq Iceland hefjist á eða í kringum 6. desember 2022.

Dreifingaráætlun. Á ekki við. Þessi lýsing er ekki gerð í tengslum við hlutafjárútboð.

Útboðsverð og verðbil. Á ekki við. Þessi lýsing er ekki gerð í tengslum við hlutafjárútboð.

Áætlaður kostnaður. Kostnaður við skráningu á markað samanstendur af tilskyldum gjöldum til CSSF og Nasdaq Iceland, auk lögfræði- og umsýslukostnaði, kostnaði við fjárhagsráðgjafa, útgáfukostnað og skatta, ef við á. Útgefandi áætlar að heildarkostnaður við skráninguna verði um EUR 0,9 milljónir.

D.2 Hver er tilboðsgjafinn?

Á ekki við. Þessi lýsing er ekki gerð í tengslum við hlutafjárútboð.

D.3 Hvers vegna er staðið að gerð lýsingarinnar?

Ástæður fyrir töku til viðskipta. Við teljum að taka til viðskipta sé rökrétt og mikilvægt næsta skref í þróun fyrirtækisins. Jafnframt teljum við tímasetninguna viðeigandi, með tilliti til núverandi eiginleika fyrirtækisins og þróunarstigs þess.

Áætlað söluandvirði og ráðstöfun þess: Á ekki við. Þessi lýsing er ekki gerð í tengslum við hlutafjárútboð.

Hagsmunaárekstrar. Árni Harðarson og Róbert Wessman eru óbeinir raunverulegir eigendur að hlutum í Aztiq Pharma Partners sem fer með óbeint eignarhald á 36,6% af hlutafé í Alvotech. Róbert Wessman á einnig óbeinan eignarhlut í Alvogen. Viðskipti á milli Alvotech og Aztiq Pharma Partner og/eða Alvogen sem fela í sér gagnstæða fjárhagslega hagsmuni og sem lögð eru fyrir stjórn til samþykktar fela í sér hagsmunaárekstur fyrir Árna Harðarson og/eða Róbert Wessman. Munu þeir í slíkum tilvikum sitja hjá við umræður og atkvæðagreiðslur á vettvangi stjórnar Alvotech. Öll viðskipti við tengda aðila munu enn fremur lögð fyrir endurskoðunar- og áhættunefnd Alvotech til athugunar og samþykkis áður en þau koma fyrir stjórn í samræmi við viðeigandi stjórnarháttareglur sem Alvotech hefur sett sér í tengslum við skráningu á Nasdaq. Að öðru leyti en lýst er hér að ofan eru engir aðrir hagsmunaárekstur eða mögulegir hagsmunaárekstrar til staðar á milli stjórnarmanna Alvotech annars vegar og einkahagsmuna þeirra, stjórnarstarfa í öðrum fyrirtækjum eða annarra skuldbindinga hins vegar.

Þessi samantekt er þýðing á enskum frumtexta sem finna má með skráningarlýsingunni. Ef eitthvað misræmi er til staðar á milli enska frumtextans og þessarar þýðingar, ber að styðjast við enska útgáfu textans.